

# Fundargerð 842. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2016, föstudaginn 2. september kl. 14:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Dalabúð í Búðardal.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Eiríkur Björn Björgvinsson, Heiða Björg Hilmisdóttir, Jónína Erna Arnardóttir, Halla Sigríður Steinólfsdóttir, Haraldur Sverrisson í forföllum Gunnars Einarssonar, Sigurður Björn Blöndal, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Gunnar Axel Axelsson boðaði forföll og varamaður hans einnig.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Magnús Karel Hannesson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð 841. fundar - 1511020SA**

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 841. fundar frá 24. júní 2016.

*Fundargerðin var staðfest og undirrituð.*

**2. Þjóðhagsráð - 1601060SA**

Lögð fram fundargerð 1. fundar Þjóðhagsráðs frá 8. júní 2016.

**3. Félagsþjónustunefnd sambandsins - 1511037SA**

Lögð fram fundargerð 31. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 28. júní 2016.

**4. Skólamálanefnd sambandsins - 1601009SA**

Lögð fram fundargerð 100. fundar skólamálanefndar sambandsins frá 15. ágúst 2016, með tillögu til stjórnar undir 10. lið.

**5. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 1511249SA**

Lögð fram fundargerð 38. fundar verkefnisstjórnar um aukna hagsmunagæslu íslenskra sveitarfélaga á sviði úrgangsmála frá 2. júní 2016.

*Rætt var sérstaklega um brennslu á ýmsum úrgangstegundum, svo sem sláturútgangi og sóttmengudum úrgangi og lögð á það áhersla að fundin verði lausn á vandamálum sem því eru tengd.*

**6. Kjaramálanefnd sambandsins - 1605028SA**

Lögð fram fundargerð 22. fundar kjaramálanefndar sambandsins frá 16. ágúst 2016.

Jónína Erna Arnardóttir vék af fundi meðan 1. töluliður fundargerðarinnar var ræddur.

## 7. **Kjarasamningar - 1605090SA**

Lagður fram til staðfestingar samningur milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands, vegna Félags grunnskólakennara, dags. 23. ágúst 2016. Eftirfarandi samþykkt gerð samhljóða:

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir fyrir sitt leyti samning SNS við KÍ vegna Félags grunnskólakennara frá 23. ágúst 2016.*

*Eiríkur Björn Björgvinsson sat hjá við afgreiðslu samningsins.*

## 8. **Skattlagning lífeyrisiðgjalda og séreignasparnaður - 1608018SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 18. ágúst 2016, um útsvar og ráðstöfun iðgjalds til greiðslu inn á húsnæðislán og sparnað til fasteignakaupa.

Samkvæmt minnisblaðinu má ætla að áhrifin af úrræðum samkvæmt frumvarpi til laga um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð verði eftirfarandi á fjárhag sveitarfélaganna:

- Núgildandi úrræði (ráðstöfun iðgjalda í séreignarsparnað) kostar sveitarfélögin allt að 1,6 ma.kr. á ári í töpuðum útsvarstekjum. Þessi ráðstöfun hefur gilt í 3 ár og valdið kostnaðaráhrifum á þeim tíma upp á 4,8 ma.kr. Framlenging úrræðisins til tveggja ára kostar allt að 3,2 ma.kr. til viðbótar, þ.e. 1,6 ma.kr. á ári 2017–2018.
- Áætla má að úrræðið „fyrsta fasteign“ kosti sveitarfélögin um 7,2 ma.kr. yfir tíu ára tímabil, eða 720 m.kr. á ári.
- Samtals gæti niðurstaðan orðið sú að á gildistíma umræddra úrræða verði sveitarfélögin af útsvarstekjum sem nemur um 10 ma.kr. Að fengnum frekari upplýsingum frá Ríkisskattstjóra verða þessar áætlanir endurskoðaðar, en tekið skal skýrt fram að hér er um áætluð heildaráhrif að ræða en ekki hvernig samanlögð áhrif koma út, metin gagnvart hverju sveitarfélagi fyrir sig.
- Þá munu sveitarfélögin einnig bera kostnað af úrræðinu í gegnum hærra mótframlag þeirra sem vinnuveitenda til viðbótarlífeyrisparnaðar starfsmanna.

*Stjórnin felur formanni og framkvæmdastjóra að halda áfram viðræðum við fjármálaráðherra um sameiginlegt mat á áhrifunum og hvernig sveitarfélögum verði bætt þetta tekjutap.*

## 9. **Lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna - 1605150SA**

Kynnt staða viðræðna um framtíðarfyrirkomulag lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna. Lögð voru fram sem trúnaðarmál gögn, sem áður höfðu verið kynnt stjórnarmönnum með tölvupósti. Um er að ræða drög að samkomulagi heildarsamtaka opinberra stéttarféлага annars vegar og ríkisins og sambandsins hins vegar um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Einnig drög að samkomulagi milli ríkisins og sambandsins, þar sem fram kemur að ríkið er tilbúið að taka á sig miklar skuldbindingar sveitarféлага hjá A-deild LSR með tilteknum skilyrðum.

*Formanni og framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningi á grundvelli þeirra sammingsdraga sem lögð voru fram á fundinum.*

**10. Hjúkrunarheimili - endurskoðun daggjalda og gerð þjónustusamninga - 1605114SA**

Kynnt staða viðræðna um endurskoðun daggjalda hjúkrunarheimila og gerð þjónustusamninga. Lögð voru fram sem trúnaðarmál gögn, sem kynnt höfðu verið stjórnarmönnum með tölvupósti. Um var að ræða drög að samningi, sem er undanfari rammasamnings um þjónustu dvalar- og hjúkrunarheimila. Náðst hefur að hækka sammingsfjárhæðina úr 1,0 ma.kr. í 1,5 ma.kr. eða um 500 milljónir kr., sem ríkið bætir sérstaklega í daggjöldin á þessu ári og því næsta.

Jónína Erna Arnardóttir vék af fundi kl. 16:25.

*Framkvæmdastjóra, sem fulltrúa sveitarfélaganna í samninganefnd SFV og sambandsins, falið að ganga frá rammasamningi á grundvelli þeirra sammingsdraga sem lögð voru fram á fundinum.*

**11. Reglur um stuðning við sveitarfélög til að mæta kostnaði við rekstur fordæmisgefandi dómsmála á sviði vinnuréttar - 1608037SA**

Lagt fram minnisblað Sólveigar B. Gunnarsdóttur, lögfræðings á kjarasviði sambandsins, og Guðjóns Bragasonar, sviðsstjóra lögfræði- og velferðar-sviðs sambandsins, dags. 31. ágúst 2016, um reglur Sambands íslenskra sveitarfélaga um stuðning við sveitarfélög til að mæta kostnaði við rekstur fordæmisgefandi dómsmála á sviði vinnuréttar.

*Stjórn sambandsins samþykkti framlagðar reglur um stuðning við sveitarfélög til að mæta kostnaði við rekstur fordæmisgefandi dómsmála á sviði vinnuréttar, með þeirri breytingu að á árinu 2016 verður hámarksstuðningur 1 milljón króna vegna hvers máls sem flutt er á því ári. Frá 1. janúar 2017 hækkar hámarksstuðningur í 2 milljónir króna vegna hvers máls sem flutt er á fyrsta dómstigi.*

**12. Endurtilnefningar á pólitískum fulltrúum - 1606093SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 22. ágúst 2016, um endurtilnefningar á pólitískum fulltrúum vegna nýrra kjörtímabila hjá erlendum samstarfsstofnunum sambandsins. Eftirfarandi skipan var samþykkt samhljóða:

*Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins 2016-2020*

*Aðalfulltrúar:*

- Halldór Halldórsson, formaður íslensku sendinefndarinnar,
- Gunnar Axel Axelsson varaformaður,
- Gunnhildur Ingvarsdóttir.

*Varamenn:*

1. Sigurður Björn Blöndal,
2. Halla Sigríður Steinólfsdóttir,
3. Aldís Hafsteinsdóttir.

*Stefnumótandi nefnd CEMR 2017-2019*

*Aðalfulltrúar:*

- *Aldís Hafsteinsdóttir,*
- *Eiríkur Björn Björgvinsson,*
- *Halla Sigríður Steinólfsdóttir.*

*Varamenn:*

1. *Heiða Björg Hilmisdóttir*
2. *Ísólfur Gylfi Pálmason*
3. *Gunnar Einarsson*

*Heimsráð Alþjóðasamtaka sveitarfélaga*

*Halldór Halldórsson.*

### **13. Umsögn um frumvarp um námslán og námsstyrki - 1606006SA**

Lögð fram til kynningar og umræðu umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 9. ágúst 2016, um samráð um frumvarp til laga um námslán og námsstyrki, 794. mál. Einnig voru lagðar fram til kynningar umsagnir Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, dags. 30. júní 2016, og Fjórðungssambands Vestfirðinga, dags. 2. september 2016, um sama mál.

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga tekur undir þær umsagnir við frumvarp um námslán og námsstyrki sem aðilar á sveitarstjórnarstiginu hafa sent til Alþingis. Að áliti stjórnarinnar er jákvætt að unnið sé að nýju fyrirkomulagi þar sem vægi námsstyrkja er aukið verulega. Á hinn bóginn skortir á það í fyrirliggjandi frumvarpi að fyrirkomulag námsstyrkja þjóni því markmiði að jafna möguleika fólks til þess að stunda nám, óháð efnahag, búsetu eða fjölskylduáðstæðum. Jafnframt telur stjórnin skorta á að frumvarpið bæti aðgengi að námi í list-, verk- og tæknigreinum. Landshlutasamtökin leggja mikla áherslu á að nýtt fyrirkomulag jafni aðstöðumun vegna búsetu og í umsögn sambandsins er tekið eindregið undir það sjónarmið. Stjórn sambandsins telur að gera verði breytingar á málinu í meðförum þingsins, með hliðsjón af því kerfi sem er við lýði í Noregi.*

### **14. Utankjörfundarfundaratkvæðagreiðsla hjá sveitarfélögum við forsetakosningar 2016 - 1602048SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, dags. 18. ágúst 2016, með samantekt um tilraunaverkefni um framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu hjá sveitarfélögum við forsetakosningar 2016. Jafnframt var lagt fram bréf frá innanríkisráðuneytinu, dags. 29. ágúst 2016, þar ráðuneytið mælist eindregið til þess að af hálfu sýslumanna og sveitarfélaga verði tilraunaverkefnið framlengt fram yfir næstu alþingiskosningar með sömu skilmálum og áður. Með því móti fáist aukin reynsla af þessari framkvæmd sem og svigrúm til að vinna úr henni, auk þess sem kjósendum verði þannig tryggt sambærilegt þjónustustig og við forsetakosningarnar.

*Stjórn sambandsins lýsir ánægju sinni með hve vel tókst til með tilraunaverkefni um utankjörfundaratkvæðagreiðslu vegna forsetakosninga*

fyrir í sumar hjá þeim 15 sveitarfélögum sem tóku þátt í verkefninu. Ljóst er að með þessu móti var þjónusta við íbúa viðkomandi sveitarfélaga stóraukin og til hagsbóta fyrir þá að geta kosið utankjörfundar nær heimilum sínum en ella. Stjórnin tekur undir tilmæli ráðuneytisins um áframhald verkefnisins og hvetur sveitarfélög til þess að taka þátt í tilraunaverkefninu við alþingiskosningar síðar á þessu ári eftir því sem tók eru á og hver og ein sveitarstjórn ákveður.

#### **15. Höfundarréttavarið efni í skólastarfi - 1511244SA**

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 31. ágúst 2016, um stöðu viðræðna um notkun á höfundarréttarvörðu efni í skólastarfi. Einnig lagt fram bréf sambandsins til Ráðgjafanefndar Jöfnunar sjóðs sveitarfélaga, dags. 16. ágúst 2016, um samning um notkun á höfundarréttarvörðu efni í skólastarfi - hlutdeild sveitarfélaga.

*Stjórnin felur framkvæmdastjóra að ganga frá samkomulagi um hlutdeild sveitarfélaga í miðlægum samningi í samræmi við endanlega niðurstöðu í þeim samningaviðræðum og á grundvelli framlagðra gagna.*

#### **16. Sjúkraflug um Reykjavíkflugvöll - 1608030SA**

Lagt fram bréf Fjarðabyggðar, dags. 23. ágúst 2016, um mikilvægi sjúkraflugs um Reykjavíkflugvöll.

#### **17. Trúnaðarmál - viðurkenning - 1608039SA**

Formaður reifaði málið og leitaði eftir afstöðu stjórnarmanna til þess.

*Stjórnin samþykkti að fela formanni og framkvæmdastjóra að vinna að framgangi málsins á grundvelli þeirrar umræðu sem fram fór um málið á fundinum.*

#### **18. Samráðshópur um verkaskiptingu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga - 1512048SA**

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 15. júlí 2016, þar sem tekin eru saman helstu atriði úr svörum sveitarfélaga við erindi sem sambandið sendi til allra sveitarstjórna, heilbrigðisnefnda og stjórna landshlutasamtaka sveitarfélaga, um málefni heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Einnig lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 13. júlí 2016, um samantekt á svörum við erindi sambandsins um mögulegar breytingar á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits.

*Stjórn sambandsins felur framkvæmdastjóra og sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins að vinna að frekari skoðun á breytingum á verkaskiptingu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga og öðrum úrbótum sem fram koma í skýrslu samráðshóps frá október 2015, þar með talið að fækka heilbrigðiseftirlitsumdæmum.*

*Stjórnin leggur áherslu á að heilbrigðiseftirlit verði áfram nærþjónustuverkefni á ábyrgð sveitarfélaga en leggja þurfi aukna áherslu á að bæta samræmi í eftirliti og einfalda það með því að fækka eftirlitsaðilum. Stjórnin leggur jafnframt áherslu á að hugsanleg fækkun heilbrigðiseftirlitsumdæma verði ekki til þess að skerða þjónustustig. Á þessu stigi kalla*

*sveitarfélögin þó fyrst og fremst eftir skýrari upplýsingum um hvaða eftirlitsverkefni komi til greina að flytja frá ríkisstofnunum til heilbrigðisnefnda.*

## **Mál til kynningar**

### **19. Löggæslukostnaður vegna bæjarhátíða - 1607017SA**

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 12. ágúst 2016, þar sem tekin eru saman svör sveitarfélaga um löggæslukostnað vegna bæjarhátíða.

### **20. Tilnefning í Samstarfsráð um símenntun og starfsþróun kennara - 1606054SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 5. júlí 2016, þar sem Hulda Karen Danielsdóttir, verkefnisstjóri hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, Þorsteinn Hjartarson, fræðslustjóri í Árborg, Þórður Kristjánsson, sérfræðingur hjá sambandinu, og Ingibjörg Margrét Gunnlaugsdóttir, þróunarfulltrúi á Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, eru tilnefnd sem aðalmenn í Samstarfsráð um símenntun og starfsþróun kennara, og Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi sambandsins, Skúli Helgason, formaður Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar, Bjarni Ómar Haraldsson, sérfræðingur hjá sambandinu og Guðrún Edda Bentsdóttir, verkefnisstjóri hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, til vara.

### **21. Tilnefning í nefnd sem á að greina og kortleggja svæðið innan miðhálandislínu - 1606023SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 11. júlí 2016, þar sem Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri Þingeyjarsveitar, og Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Bláskógabyggðar, eru tilnefnd í nefnd sem á að greina og kortleggja svæðið innan svokallaðrar miðhálandislínu á heildstæðan hátt. Markmiðið með þeirri greiningu er að skapa grundvöll fyrir hugsanlega ákvörðun um að koma á fót miðhálandisþjóðgarði með stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs eða annars konar fyrirkomulagi. Þar verði m.a. horft til reynslu af starfsemi Vatnajökulsþjóðgarðs.

### **22. Tilnefning í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða - 1607014SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 14. júlí 2016, þar sem Halldór Halldórsson, formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, er tilnefndur í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða í stað Guðjóns Bragasonar, sem beðist hefur lausnar frá setu í stjórninni, ásamt bréfi Guðjóns Bragasonar, dags. 12. júlí 2016.

### **23. Tilnefning tengiliðs vegna upplýsingaöflunar um leik- og íþróttavelli með dekkjakurli - 1608004SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Umhverfisstofnunar, dags. 2. ágúst 2016, þar sem Valur Rafn Halldórsson, sérfræðingur á rekstrar- og útgáfusviði sambandsins, er tilnefndur sem tengiliður við

Umhverfisstofnun vegna upplýsingaöflunar stofnunarinnar um leik- og íþróttavelli með dekkjakurli.

**24. Tilnefning í samráðsnefnd um húsnæðismál - 1607006SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins dags. 10. ágúst 2016, þar sem Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, og Ellý Alda Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, eru tilnefnd í samráðsnefnd um húsnæðismál sem byggð er á samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga.

**25. Tilnefning í nefnd um endurskoðun reglna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga - 1607004SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innanríkisráðuneytisins, dags. 29. ágúst 2016, þar sem Ásta Stefánsdóttir, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Árborgar, Stefán Eiríksson, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, og Sigurður Á. Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins, eru tilnefnd í nefnd um endurskoðun reglna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

**26. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum 2016-2019 - 1607010SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjarnefndar Alþingis, dags. 9. ágúst 2016, um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum 2016-2019, 764. mál.

**27. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingar á almannatryggingalögum o.fl. - 1606118SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 10. ágúst 2016, um frumvarpsdrög um breytingar á almannatryggingalögum o.fl.

**28. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda 2016-2019 - 1605169SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 10. ágúst 2016, um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda 2016-2019, 765. mál.

**29. Umsögn um drög að reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi - 1607007SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfisaráðuneytisins, dags. 25. ágúst 2016, um drög að reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

**30. Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof - 1608016SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 17. ágúst 2016, um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof.

**31. Verkefnisstjórn um gerð tillagna um verndar- og orkunýtingaráætlun - 1608011SA**

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 29. ágúst 2016, um skýrslu verkefnisstjórnar um 3. áfanga rammaáætlunar og sérálit fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga.

**32. Fjölgun stöðugilda sveitarfélaga 2015-2016 - 1608038SA**

Lagt fram til kynningar minnisblað Benedikts Þórs Valssonar, hagfræðings á kjarasviði sambandsins, dags. 30. ágúst 2016, um fjölgun stöðugilda sveitarfélaga 2015–2016.

**33. Ályktun Félags íþrótta-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa - 1606098SA**

Lögð fram til kynningar ályktun frá Félagi íþrótta-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa, dags. 20. maí 2016, þar sem þakkað er fyrir samstarfið við skipulagningu og framkvæmd ráðstefnunnar Frítíminn er okkar fag, sem haldin var í Laugardagshöll 16. október 2015.

**34. Landsskipulagsstefna 2015-2026 - 1607016SA**

Lögð fram til kynningar bréf Skipulagsstofnunar, dags. 29. júní 2016, um landsskipulagsstefnu 2015–2026.

**35. Tilraunaverkefni um rafrænar íbúakosningar - 1511031SA**

Lagt fram bréf innanríkisráðuneytisins, dags. 24. júní 2016, um tilraunaverkefni um rafrænar íbúakosningar.

Fundi var slitið kl. 17:15.

Í tengslum við stjórnarfundinn átti stjórn sambandsins og starfsmenn samræður og fundi með fulltrúum Borgarbyggðar, Dalabyggðar og Hvalfjarðarsveitar. Þar var greint frá stöðu þessara sveitarfélaga og framtíðaráætlunum. Það er stjórn sambandsins og starfsmönnum þess mikilvægt að fá tækifæri til þess að hitta sveitarstjórnarmenn á heimavelli og eru heimamönnum færðar þakkir fyrir góðar móttökur.

---

Halldór Halldórsson

---

Eiríkur Björn Björgvinsson



---

Heiða Björg Hilmisdóttir

---

Jónína Erna Arnardóttir

---

Halla Sigríður Steinólfsdóttir

---

Haraldur Sverrisson

---

Sigurður Björn Blöndal

---

Aldís Hafsteinsdóttir

---

Gunnhildur Ingvarsdóttir

---

Ísólfur Gylfi Pálmason

---

framkvæmdastjóri

---

ritari